

## REGLUR UM NIÐURGREIÐSLU DAGGJALDA VEGNA DAGVISTUNAR Á EINKAHEIMILUM

1) Samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar Dalabyggðar skal greiða niður daggjöld vegna barna sem eru í daggæslu í heimahúsum og eiga lögheimili í Dalabyggð. Reglur þessar gilda einnig um foreldra barna sem eiga lögheimili í Dalabyggð en dvelja tímabundið vegna náms eða starfa í öðru sveitarfélagi. Réttur til niðurgreiðslu gildir þar til leikskólaláss býðst.

2) Niðurgreiðslur eru háðar eftirfarandi skilyrðum:

- a) Að dagforeldri hafi leyfi yfirvalda til daggæslu á heimili sínu.
- b) Að barnið sé á aldrinum 6 mánaða til 6 ára (að upphafi skólagöngu).
- c) Að fyrir liggji þjónustusamningur milli dagforeldris, foreldra og fulltrúa Dalabyggðar.
- d) Námsmenn verða að skila vottorði skóla um fullt dagnám í upphafi hvern annar.

3) Dagforeldri dregur frá reikningi foreldris þann hluta daggjaldsins sem er niðurgreiddur og innheimtir þá fjárhæð á sérstöku eyðublaði mánaðarlega. Foreldrar greiða þá upphæð sem eftir stendur í upphafi hvers mánaðar. Dagforeldrar skila yfirliti mánaðarins til Dalabyggðar á útfylltum eyðublöðum fyrir hver mánaðamót. Yfirlitið skal vera vottað af viðkomandi foreldri. Dagforeldrar fá endurgreiðslur lagðar inn á bankareikning 5. hvers mánaðar.

4) Viðbótarniðurgreiðsla er greidd vegna systkina sem eru bæði hjá dagforeldrum. Einnig ef annað barnið er hjá dagforeldri og hitt í leikskóla. Sjá lið 6.

5) Daggjöld eru niðurgreidd í 11 mánuði á ári fyrir hvert barn.

6) Niðurgreiðslur eru skv. eftirfarandi gjaldskrá:

	Niðurgreidd daggjöld			Viðbótargreiðslur v/systkina		
	Flokkur 1 Hjón/ sambúð	Flokkur 2 Annað for. í námi	Flokkur 3 Einst.for./ báðir í námi	Flokkur 1 Hjón/ sambúð	Flokkur 2 Annað for. í námi	Flokkur 3 Einst.for./ báðir í námi
Vistunartími	Niðurgr.pr.klst. 4.933	Niðurgr.pr.klst. 5.381	Niðurgr.pr.klst. 5.829	Niðurgr.pr.klst. 1.233	Niðurgr.pr.klst. 1.345	Niðurgr.pr.klst. 1.458
4 stundir	19.732	21.524	23.315	4.933	5.380	5.831
5 stundir	24.665	26.904	29.144	6.166	6.725	7.289
6 stundir	29.598	32.285	34.973	7.399	8.070	8.746
7 stundir	34.530	37.666	40.802	8.633	9.415	10.204
8 stundir	39.463	43.047	46.631	9.866	10.760	11.662
9 stundir	44.396	48.428	52.460	11.099	12.105	13.120

Reglur þessar voru samþykktar í sveitarstjórn Dalabyggðar 20. apríl 2010

Hækkun niðurgreiðslu samþykkt á fundi sveitarstjórnar 21. febrúar 2012